

Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 lega Ásvallabrautar og tenging við Kaldárselsveg

Skipulags- og matslýsing

Lýsing á skipulagsverkefni

Samkvæmt 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| Efnisyfirlit..... | 1 |
| 1. Inngangur | 3 |
| 1.1 Markmið | 3 |
| 2 Forsendur..... | 4 |
| 2.1 Landslag | 4 |
| 2.2 Gróðurfar..... | 4 |
| 2.3 Minjar..... | 4 |
| 2.4 Hljóðvist..... | 4 |
| 2.5 Útivist..... | 4 |
| 2.6 Samgöngur..... | 4 |
| 2.7 Tengsl við aðrar áætlanir..... | 4 |
| 2.7.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040..... | 4 |
| 2.7.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025..... | 5 |
| 2.7.3 Aðrar skipulagsáætlanir | 5 |
| 3 Umhverfismat áætlana | 5 |
| 3.1 Umhverfispættir og viðmið..... | 5 |
| 3.2 Valkostir | 6 |
| 3.3 Aðferðir matsvinu og framsetning niðurstaðna | 7 |
| 4 Skipulagsferlið | 7 |
| 4.1 Kynning og samráð | 7 |
| 4.2 Aðalskipulagsbreyting og gildistaka..... | 7 |
| 4.3 Umsagnaraðilar..... | 8 |
| 4.4 Tímaáætlun..... | 8 |
| 5 Heimildaskrá..... | 9 |

Mynda- og töfluskrá


Mynd 1. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 mynd til vinstri staðfest aðalskipulag en til hægri tillaga að breytingu.- Mörk breytinga sýnd með rauðum hring, ný lega Ásvallabrautar..... 3

Tafla 1. Umhverfispættir og umhverfisviðmið. 6

Tafla 2. Mat á vægi áhrifa á umhverfispætti. 6

1. Inngangur

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 verði breytt. Breytingin felst í því að í stað tveggja tengibrauta sunnan núverandi byggðar verði ein braut þ.e. Ásvallabraut og lega hennar breytist þannig að hún tengist Kaldárselsvegi og Elliðaavatnsvegi með hringtorgi neðan Hlíðarpúfna en tenging við Ásland III verði felld út. Lega Kaldárselsvegur breytist lítillaga sem og tenging hans við íbúðarsvæðið í Mosahlíð.



Mynd 1. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 mynd til vinstri staðfest aðalskipulag en til hægri tillaga að breytingu.- Mörk breytinga sýnd með rauðum hring, ný lega Ásvallabrautar.

Hér er lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskiplagi Hafnarfjarðar 2013-2020 vegna breyttrar legu Ásvallabrautar. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á verkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Þar sem skipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þarf einnig að gera matslýsingu.

Skipulagsáætlanir eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Tengibrautir í þéttbýli eru matskyldar skv. 2. viðauka – liður 10 í Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Brautin verður lögð í gegnum framtíðar íbúðarsvæði ÍB13 og ÍB11, meðfram verslunar- og þjónustusvæði VP10 og Samfélagsþjónustusvæði S35.

1.1 Markmið

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að tengja Vallahverfi, Ásahverfi og áætlaða byggð beggja vegna Ásvallabrautar, á tveggja akreina vegi, Ásvallabrautar, að Kaldárselsvegi og síðan Reykjanesbraut. Þessi áætlun fellir úr gildi fyrri áætlun er hijóðar uppá fjórar akreinar, tvær í hvora átt og aðeins er tekið landrymi fyrir tveggja akreina veg þar sem ekki er talin þörf á meiru.

2 Forsendur

Allt svæðið sem vegurinn liggur um er fyrirhugað byggingarland samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 að mestu óbyggt, aðeins við báða enda brautar er komið að byggingarsvæðum sem eru í framkvæmd.

2.1 Landslag

er ávalt jökulsorfin grágrýtis- og móbergsholt en í lægðum beggja vegna eru hraun frá nýrri tíma jarðsögulega. Austan við er Gráhelluhraun en vestan við hefur Kapelluhraun runnið. Malarslóðar hafa verið lagðir um svæðið. Norðan við áætlaða legu Ásvallarbrautar er svæði er nýtur hverfisverndar HVa 10 og í greinargerð aðalskipulags Hafnarfjarðar kemur fram að um sé að ræða lækjarfarveg og tjörn. Hverfisverndarákvæði svæðisins segir að þessi einkenni í landslagi beri að venda og við uppbyggingu á svæðinu sé allt rask á þessu afmarkaða svæði óheimilt. Einnig kemur fram að lækurinn verði settur í rör undir Ásvallabraut.

2.2 Gróðurfar.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar segir eftirfarandi. „Á holtum og við fellin er mólendi meira ríkjandi og víða er gróðurþekjan rofin og ósamfelld. Við Hvaleyrarvatn er alaskalúpína talsvert útbreidd og breiðist greinilega hratt út og eru lúpínubreiður mest áberandi gróður á holtinu sem farið er um. Ennfremur hefur verið gróðursettir nokkrir reitir með birki, greni og furu og lendir hluti þess í vegstæðinu.

2.3 Minjar.

Engar fornleifar eru skráðar innan áhrifasvæðis deiliskipulags Ásvallabrautar.

2.4 Hjóðvist.

Mæling á hjóðvist er gerð var af VSÓ vegna nýrrar legu Ásvallabrautar og í minnisblaði dagsett 22.09.2016 segir „miðað við þessar forsendur og engar hjóðvarnir verða hús næst Ásvallabraut og Kaldárselsvegi fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer þar hjóðvist yfir 55dB(A), sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.“

2.5 Útivist.

Svæðið fellur að hluta að hugmyndum um Græna trefilinn sem liggur á jaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu sjá Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

2.6 Samgöngur.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar, kafla 1.3.3. Markmið - samgöngur, kemur fram að samfelldar og öruggar samgönguleiðir fyrir, akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur verði tryggðar og að samhliða byggingu nýrra hverfa verði gengið frá stígum, gangstéttum og umhverfi gatna.

2.7 Tengsl við aðrar áætlanir

2.7.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040

Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2015-2040 var staðfest 29. júní 2015 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. júní 2015 en deiliskipulag Ásvallabrautar er í samræmi við það.

Ný lega Ásvallabrautar yfir Ásfjall á Kaldárselsveg var einnig sýnd í eldra Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2001-2024. Í samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er „Græni trefilinn“ markaður og grænir gearar er frá honum liggja.

2.7.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Í gildandi aðalskipulagi er veglöggnin sýnd ásamt tillögu að framtíðar veggöngum. Breytingin sýnir nýja legu sem er í meginatriðum í samræmi við gildandi aðalskipulag. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að fyrirhugað sé að leggja framhald Ásvallabrautar frá Skarðshlíð að Kaldárselsvegi. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið, og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að í nálægð við áætlaða legu Ásvallabrautar sé svæði sem nýtur hverfisverndar, merkt HVa 10. Einnig segir í aðalskipulaginu í kafla 1.3.4 Markmið - umhverfi segir; „Markvisst skal unnið að því að viðhalda gæðum náttúru og umhverfis og skapa íbúum heilnæmt, öruggt og gott búsetuumhverfi.“

2.7.3 Aðrar skipulagsáætlanir

Í gildi eru nokkrar skipulagsáætlanir sem verða fyrir áhrifum vegna breytingarinnar en landnotkun verður í flestum tilvikum sú sama sem og göngutengingar.

1. Deiliskipulag fyrir Ásland 3.áfanga. ÍB 9 - Deiliskipulag öðlast gildi 27.02.2007.
2. Deiliskipulag „Hestasvæði Hlíðarpúfum“ ÍÞ 5. Deiliskipulag öðlast gildi 18.03 2003.
3. Deiliskipulag Velli 7. ÍB 7. Deiliskipulag öðlast gildi 2008.
4. Deiliskipulag Skarðshlíðar 3.

3 Umhverfismat áætlana

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal meta hvaða áhrif skipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Hluti af því ferli er gerð þessarar matslýsingar, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismatinu við breytingu á aðalskipulaginu. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta hvort þeir valkostir sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti.

3.1 Umhverfispættir og viðmið

Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“ hrif áætlana á tiltekna umhverfispætti eru metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins. Umhverfisviðmið, sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulagi hefur í för með sér. Þeir þættir skipulagsins sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið eru misjafnlega umfangsmiklir en þeir þættir sem búast má við mestum áhrifum á við framfylgd skipulagsins eru settir fram í töflu 1 ásamt viðmiðum fyrir hvern umhverfispátt.

| Umhverfispáttur | Umhverfisviðmið |
|-----------------|---|
| Landslag | Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 57. gr. laga um náttúruvernd, og 3.gr. sömu laga um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauði, fjölbreytni og heildstæði landslags. |
| Gróðurfar | Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Listi yfir friðlýstar plöntur. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 2. gr. Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020, sjá kafla 2. lið 11. um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. |
| Minjar | Lög um menningarminjar 80/2012, 3.gr. Fornminjar og 24. gr. Áður ókunnar fornminjar. |
| Hljóðvist | Reglugerð nr. 724/2008, VIÐAUKI – Viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða. |
| Útivist | Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020. |
| Samgöngur | Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020, kafli 1.3.3. Markmið samgöngur. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020. Landsskipulagsstefna, kafli 3.5 Sjálfbærar samgöngur. |

Tafla 1. Umhverfispáttir og umhverfisviðmið.

3.2 Valkostir

Viðfangsefni breytingartillögunnar er lýst í kafla 1. Metin verða líkleg áhrif af framkvæmd áætlunarinnar á þá umhverfispætti sem settir hafa verið fram.

Fjallað um eftirfarandi valkosti:

- **Núllkostur** – Tvær tengibrautir skv. núverandi áætlun.
- **Skipulagstillagan** – Breytt aðalskipulag.

Notast verður við þriggja þrepa mat á vægi þar sem hverjum umhverfispætti er gefin einkunn út frá þeim áhrifum sem hann verður fyrir í hverjum valkosti fyrir sig. Þannig fæst heildar niðurstaða á umhverfisáhrifum og valkostirnir verða samanburðarhæfir.

| Vægi áhrifa á umhverfispætti | | |
|------------------------------|---|--------------------------------------|
| Jákvæð | + | Jákvæð áhrif á umhverfispátt |
| Óveruleg | 0 | Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt |
| Neikvæð | - | Neikvæð áhrif á umhverfispátt |

Tafla 2. Mat á vægi áhrifa á umhverfispætti.

3.3 Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna

Í umhverfismatinu verða áhrif áætlana á tiltekna umhverfisþætti metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins. Umhverfisviðmið sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulaginu hefur í för með sér eru sýnd í töflu 1. Einnig verður leitað umsagna viðeigandi stofnana og annarra aðila sem veitt geta sérfræðiálit á einstöku þáttum ef þörf þykir.

Umhverfisskýrsla verður fléttuð inn í skipulagsgreinargerð. Framsetning umhverfismats verður í formi texta og/eða venslataflna. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu verða lögð fram til lögbundinnar kynningar.

4 Skipulagsferlið

4.1 Kynning og samráð

Í skipulagslögum nr. 123/2010 og í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram hvernig kynningum og samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila skal háttáð á hinum ýmsu stigum skipulagsferlisins.

4.2 Aðalskipulagsbreyting og gildistaka

Kynning lýsingarinnar verður í samræmi við gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna verður hægt að nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is. Hún verður auglýst í í bækjarblaði. Samhliða þessu verður lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 4.3.

Þann 28. mars 2017 var haldinn kynningarfundur vegna skipulags á vegum Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar þar sem kynnt var nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut – tenging Valla og Áslands.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu verður forkynnt á vef Hafnarfjarðarbæjar og auglýst í dagblöðum áður en hún verður tekin til afgreiðslu hjá bæjarstjórn. Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa breytinguna skal fylgja þeim ferlum er kveðið er á í 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, um auglýsingu aðalskipulagstillögu. Þegar frestur til athugasemda er liðinn mun sveitarstjórn fjalla aftur um tillöguna. Þar verður tekin afstaða til þeirra athugasemda sem kunna að hafa borist og tillögunni breytt ef ástæða er talin til. Samþykkt aðalskipulag ásamt samantekt á málsmeðferð, athugasemdum og umsögnum skal sent til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt aðalskipulag verður að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur það þar með gildi.

4.3 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Lýsing aðalskipulagsbreytingar og matskýrsla verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.
- Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar.

4.4 Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að skipulagsvinnan taki yfir um 6 mánaða tímabil og eru helstu áfangar hennar sýndir í töflunni hér að neðan.

| Verkþáttur/tími | 2017-2018 | | | | | |
|--|-----------|----------|--------|---------|------|-------|
| | Nóvember | Desember | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl |
| Skipulags- og matslýsing lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. | | | | | | |
| Skipulags- og matslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum. | | | | | | |
| Drög að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu samþykkt til kynningar í bæjarstjórn. | | | | | | |
| Drög að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu á vinnslustigi kynnt almenningi | | | | | | |
| Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn. | | | | | | |
| Hafnarfjarðarbær sendir breytingu á aðalskipulagi til Skipulagsstofnunar til yfirferðar, 4 vikur. | | | | | | |
| Aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti. | | | | | | |
| Aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í bæjarstjórn m.t.t. mögulegra athugasemda og umsagna. Niðurstaða bæjarstjórnar auglýst. | | | | | | |
| Samþykkt aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu og afgreiðsla bæjarstjórnar send Skipulagsstofnun til yfirferðar. | | | | | | |
| Samþykkt bæjarstjórnar á nýju aðalskipulag og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda. | | | | | | |

5 Heimildaskrá:

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020.

Landskipulagsstefna 2015-2026.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrfræðistofnun Íslands, Válisti Plantna.

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020.